

Fundur í Fagráði loftræstikerfa nr. 3

Fundarefni:	Skýrsla LAFÍ um lagnakerfi á landsvísu		
Fundardagur:	2.12.2010	Fundartími:	16.30 – 18.00
Fundarstaður:	Verkís, Ármúla 4	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Sigurgeir Þórarinnsson (SP), Kjartan Mar Eiríksson (KME) og Gunnar Björn Guðbjörnsson (GBG)		
Dreifing:	Fundarmenn, Pétur Kristjánsson, Karl Hákon Karlsson og Kristján Ottóson		

- Farið var sameiginlega yfir helstu atriði í skýrslunni um ástand lagnakerfa í opinberum byggingum á landsvísu. Flestir fundarmanna voru búnir að lesa skýrsluna vel yfir fyrir fund.
- Fundarmenn gátu verið sammála um að skýrslan gæfi sterka vísbendingu um að ástand lagnakerfa væri víða ábótavant. Þó væri ekki hægt að leggja skýrsluna fyrir sem grundvöll fyrir mati á lagnakerfum á landsvísu almennt.
- Í stað þess að kryfja skýrsluna sjálfa nánar var ákveðið var að ræða hvaða leiðir hægt sé að fara til að bæta það sem fram kemur í skýrslunni að sé ábótavant. Út frá því fór af stað almenn umræða meðal fundarmanna um hvað og hvernig hægt væri að bæta frágang lagnakerfa. Lagt var upp með að umræðan í hópnum yrði almenn fyrst um sinn og að viðhorf og skoðanir kæmu frá sem flestum innan fagráðsins.
Eins og fyrr segir var umræðan á spjallnótum en snert var m.a. á eftirfarandi atriðum;
 - Erfiðleika stéttarinnar við þá þróun sem skapast hefur með að stöðugt er verið að þrýsta starfsemi inn í ný- og endurbyggingar áður en lokið er við að byggja, stilla og prófa kerfin. Það er erfitt að snúa við þeim kvörtunum sem skapast á þessum tíma þó svo að lokið verði við kerfin seinna meir.
 - Minnst var á að nú sé í gangi nokkur teymi sem vinna að tillögum að breyttri og bættri byggingarreglugerð.
 - Rætt var um nauðsyn virkniþrófanna. Gera þarf verkkaupa og ákvörðunaraðilum framkvæmda það betur ljóst hve mikilvægar þær séu en jafnframt að þetta geta verið tímafrekar og kostnaðarsamar aðgerðir.
 - Rætt var um úttektir og möguleika á óháðri úttektarstofu/aðilum sem hægt væri að leita til. Talað var um að vegna þess hve stéttin væri fámenn og sú breiða og þverfaglega þekking sem til þyrfti að vera innan slíkrar stofu, að erfitt yrði að koma því á laggirnar.
 - Talað var áfram um úttektir og eftirlit og mikilvægi þess að verkkaupi skynji að hann sé að fá alvöru eftirlit þegar hann ræður til sín eftirlitsaðila. Kynntar voru leiðir sem menn eru að fara í þessum efnum, m.a. með gátlistum sem þeir fara með á verkstað. Þannig er hægt að vísa með sannarlegum hætti hvað tekið sé út gagnvart verkkaupa.
- Halda þarf áfram að ræða þessi mál á næsta fagráðsfundi því ekki náðist að ljúka þeim. Næsti fundur hjá fagráði loftræstikerfa er áætlaður fimmtudaginn 13. janúar kl. 16.30.